

Mál nr. 177/2018

**M og
V vegna réttaraðstoðartryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu. Túlkun skilmála.

Gögn.

Málskot, dags. 30.05.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 18.06.2018, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

M höfðaði mál til að fá staðfest fyrir dómi að L væri skylt að gera kaupsamning við hann um íbúð. V hafnaði bótum úr réttaraðstoðartryggingu á þeim grundvelli að ekki séu greiddar bætur til váttryggingartaka sem eiganda fasteignar. M telur að dómsmálið sé höfðað til að fá úr því skorið hvort bindandi kaupsamningur hafi komist á. Málið snúist ekki um að M sé eigandi fasteignarinnar heldur til að fá niðurstöðu um það. M telur að undanþáguákvæði skilmála váttryggingarinnar verði að túlka þröngt og að vafa eigi að túlka honum í hag.

Álit.

Í skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar kemur fram að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varði váttryggðan sem eiganda fasteignar.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi höfðað dómsmál þar sem hann taldi sig réttmætan kaupsamningshafa. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda fasteignar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis váttryggingarskilmálanna á M því ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon, lögm.